

REGLUR
um háskólafund Háskólans á Akureyri nr. 389/2009,
með breytingum nr. 1135/2011, nr. 788/2020 og nr. 1145/2022.

1. gr.

Hlutverk háskólafundar.

1. [Háskólafundur er samráðsvettvangur fulltrúa yfirstjórnar háskólans, fræðasviða hans, fulltrúa starfsmanna við stjórnarsýslu skólans og fulltrúa nemenda og kennara. Skal fundurinn vera vettvangur fyrir umræðu um fagleg málefni innan háskólans sem og varðandi akademíska stefnumótun.]¹
2. Háskólafundur mótar sameiginlega vísinda- og menntastefnu háskólans og leitast við að efla og styrkja þróun hans.
3. Háskólaráð getur leitað umsagnar háskólafundar um hvaðeina sem varðar starfsemi háskólans.
4. Fundurinn telst ályktunarbær um hvaðeina sem snýr að vísinda- og menntastefnu háskólans og um önnur þau málefni sem háskólaráð ákveður sérstaklega að vísa til hans.
5. Háskólafundur tjáir sig um mál í formi ályktana, en um er að ræða umræðuvettvang og ráðgefandi umsagnaraðila um þau mál sem tekin eru til umfjöllunar skv. dagskrá fundar.
6. Ákvörðunum háskólaráðs eða annarra þar til berra stofnana háskólans verður ekki skotið til háskólafundar til ákvörðunar.
7. Háskólafundur skal halda a.m.k. einu sinni á ári, en rektor stýrir fundi og boðar til hans.
8. Rektor skal kynna ályktanir háskólafundar á vettvangi háskólans.

1) Breytt með reglum nr. 1135/2011

2. gr.

Skipan háskólafundar.

1. Á háskólafundum eiga eftirfarandi fulltrúar rétt til setu:

- a) [Rektor, forsetar fræðasviða, framkvæmdastjóri háskólaskrifstofu, gæða- og mannauðsstjóri og forstöðumenn sviða háskólaskrifstofu, en til vara eru staðgenglar þeirra.]⁵
- b) [Úr hópi fastra kennara tilnefna fræðasvið háskólans [hvort um sig átta]⁶ fulltrúa, talsmaður Félags prófessora við ríkisháskóla sem starfa við HA tilnefnir einn, stjórn Félags háskólakennara á Akureyri tilnefnir einn, starfsfólk við stjórnarsýslu háskólans tilnefnir [fimm]⁷ og skulu þeir allir, auk varamanna, tilnefndir eftir kosningu á viðkomandi fræðasviði, á meðal viðkomandi félagsmanna eða meðal starfsfólks við stjórnarsýslu, til tveggja ára í senn.]¹
- c) Nemendur háskólans tilnefna eftir kosningu á vettvangi [SHA]² [sjö]⁸ fulltrúa, og jafn marga til vara, til setu á háskólafundum til eins árs í senn, en háskólaráð getur þó ákveðið hverju sinni að þeir fulltrúar verði ýmist fleiri eða færri m.t.t. áskilnaðar laga þar um.
- d) Fulltrúar í háskólaráði hafa sem slíkir seturétt á háskólafundum en ekki atkvæðisrétt.

2. Eftirfarandi aðilar skulu annast kjör fulltrúa á háskólafundum samkvæmt boði rektors:

- a) [Fræðasviðsfundir]⁹ annast kjör fulltrúa fastra kennara úr þeirra hópi.
- b) Talsmaður prófessora við ríkisháskóla, sem starfa við Háskólann á Akureyri, og stjórn Félags háskólakennara á Akureyri, annast kjör á fulltrúa úr hópi félagsmanna þeirra og skulu allir félagsmenn þeirra sem starfa við Háskólann á Akureyri kjörgengir, utan þeir fulltrúar sem teljast eiga seturétt skv. 1. tl., eða eru kjörnir skv. tl. 2 a), hér að framan.
- c) [Framkvæmdastjóri annast kjör á fulltrúum starfsfólks við stjórnarsýslu háskólans.]³
- d) Stjórn [SHA]⁴ annast kjör á fulltrúum nemenda.

3. Þegar kjör fulltrúa skv. þessari grein er undirbúið skal sérstaklega leitast við að fylgja ákvæðum í jafnréttisáætlun skólans um jafna aðild kynjanna að nefndum, stjórnnum og ráðum.

1) Breytt með reglum nr. 1135/2011

2) Breytt með reglum nr. 788/2020

3) Breytt með reglum nr. 1135/2011

4) Breytt með reglum nr. 788/2020

- 5) Breytt með reglum nr. 1145/2022
- 6) Breytt með reglum nr. 1145/2022
- 7) Breytt með reglum nr. 1145/2022
- 8) Breytt með reglum nr. 1145/2022
- 9) Breytt með reglum nr. 1145/2022

3. gr.

Framkvæmd háskólafundar.

1. Boðað skal til háskólafundar með a.m.k. þriggja vikna fyrirvara, en með fundarboði skulu fylgja drög að dagskrá fundarins.
2. Ef fulltrúar á háskólafundum vilja leggja fyrir fundinn tillögur til ályktana skulu þær ásamt greinargerð hafa borist til skrifstofu rektors eigi síðar en tveimur vikum fyrir boðaðan fund.
3. Á háskólafundum skulu eftirtalin mál jafnan tekin til meðferðar og afgreiðslu [eftir því sem við á hverju sinni]¹:
 - a) Framsaga [rektors um stefnu háskólans og árangur hans í starfi.]²
 - b) Þau mál sem háskólaráð hefur sérstaklega ákveðið að vísa til háskólafundar.
 - c) Tillögur að ályktunum um tiltekin málefni frá fulltrúum sem teljast eiga rétt til setu á háskólafundum og bárust skrifstofu rektors í því formi og innan þeirra tímamarka sem áskilið er í 2. tl. hér að framan.
 - d) Fulltrúar á háskólafundum geta mælt fyrir um tillögur frá öðrum aðilum sem starfa á vegum háskólans með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í c-lið hér að framan.

- 1) Breytt með reglum nr. 1145/2022
- 2) Breytt með reglum nr. 1145/2022

4. gr.

Almenn ákvæði.

1. Háskólafundur setur sér nánari reglur um fundarsköp.
2. Ef ágreiningur rís um túlkun þessara reglna skal rektor skera úr, en ágreiningi um slíka ákvörðun má þó vísa til háskólaráðs til endanlegrar ákvörðunar á vettvangi háskólans.
3. [Reglur þessar eru settar af háskólaráði á grundvelli laga nr. 85/2008 um opinbera háskóla með hliðsjón af og með stöð í reglum fyrir Háskólann á Akureyri nr. 694/2022 og öðlast þegar gildi.]¹

- 1) Breytt með reglum nr. 1145/2022

Háskólanum á Akureyri, 1. apríl 2009.

Þorsteinn Gunnarsson rektor.

Reglur nr. 389/2008, samþykktar í háskólaráði 1. apríl 2009.
Breytingar nr. 1135/2011, samþykktar í háskólaráði 17. nóvember 2011.
Breytingar nr. 788/2020, samþykktar í háskólaráði 25. júní 2020.
Breytingar nr. 1145/2022, samþykktar í háskólaráði 29. september 2022.